

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Einn háskólamenntaður sérfræðingur, karl, var ráðinn í fullt starf á tímabilinu. Í lok árs 2009 voru ráðnir þrjú stjórnarráðsfulltrúar til ráðuneytisins. Þeir voru allir ráðnir í fullt starf. Þetta voru tvær konur og einn karl. Einn þeirra hefur hætt störfum og var ráðið í hans stað úr sama ráðningarferli, enda giltu umsóknir í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests. Þá réð ráðuneytið fjóra starfsmenn til tímabundinna afleysinga á tímabilinu sem spurt er um. Í þeim hópi eru þrjár konur og einn karl.

Prettán þýðendur voru ráðnir til þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins. Allir þýðendurnir voru ráðnir í fullt starf, að undanskildum einum sem ráðinn var í 90% starf og öðrum sem ráðinn var í 50% starf. Í hópnum eru sjö konur og sex karlar. Þá voru ráðnir þrjú starfsmenn til tímabundinna starfa í þýðingamiðstöð á tímabilinu, tveir í fullt starf (annar þeirra er hættur störfum) og einn í 50% starf. Þetta voru tvær konur og einn karl.

Utanríkisráðuneytið starfrækir starfsmenaprógram sem ætlað er fólki sem er að ljúka háskólanámi og að hefja sinn starfsferil. Starfsmennirnir eru á launaskrá og starfa ýmist í ráðuneytinu eða á sendiskrifstofum erlendis. Ráðningartíminn er sex mánuðir og hefur ráðuneytið ráðið alls 19 starfsmenn samkvæmt auglýsingum í fjórum ráðningarferlum á tímabilinu sem spurt er um. Í hópnum eru átta konur og ellefu karlar. Á árinu 2009 voru ráðnir þrjú starfsmenn fyrir janúar–júní og sömuleiðis þrjú starfsmenn fyrir júlí–desember. Á árinu 2010 voru ráðnir sjö starfsmenn fyrir janúar–júní og sex starfsmenn fyrir júlí–desember. Allir starfsmennirnir hafa verið ráðnir til fullra starfa.

Á tímabilinu, sem fyrirspurnin nær til, hafa samtals ellefu starfsmenn látið af störfum, fjórar konur og sjö karlar. Fyrir utan starfsmenn og þýðendur vegna ESB-umsóknar hafa því verið ráðnir fjórir starfsmenn á tímabilinu, en samtals ellefu létu af störfum.

Launakostnaður utanríkisráðuneytisins með launatengdum gjöldum fyrir tímabilið sem spurt er um nam samtals 2.684 millj. kr. Að jafnaði er launakostnaður á mánuði um 128 millj. kr., en um 180 starfsmenn eru á launaskrá að meðtöldum útsendum starfsmönnum í sendiskrifstofum Íslands erlendis.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Ráðuneytið framkvæmdi þá ákvörðun sem tekin var af ríkisstjórn 14. ágúst 2009 um 3–10% lækkun launa þeirra starfsmanna sem höfðu meira en kr. 400.000 í mánaðarlaun. Þá hefur ráðuneytið einnig hrint í framkvæmd ákvörðun Kjararáðs um lækkun launa þeirra starfsmanna sem undir það heyra.

Útfærsla á ákvörðun ríkisstjórnar, sem gerð var með samræmdum hætti í Stjórnarráðinu, var eins og hér segir.

- Föstum yfirvinnustundum var fækkað um fjórar hjá lægst launaða hópnum, þ.e. þeim sem höfðu laun á bilinu 400–500 þús. kr. Þetta þýddi 2,8%–3,8% lækkun á heildarlaunum þeirra.
- Föstum yfirvinnustundum var fækkað um fimm hjá þeim sem höfðu laun á bilinu 500–550 þús. kr. Þetta þýddi 4–4,3% lækkun á heildarlaunum þeirra.
- Föstum yfirvinnustundum var fækkað um sex hjá þeim sem höfðu laun á bilinu 550–600 þús. kr. á mánuði. Þetta þýddi 4,8–5,2% lækkun á heildarlaunum þeirra.
- Föstum yfirvinnustundum var fækkað um átta hjá þeim sem höfðu laun á bilinu 600–650 þús. kr. á mánuði. Þetta þýddi 5,8%–6,7% lækkun á heildarlaunum þeirra.

Framangreind útfærsla var kynnt starfsmönnum á almennum starfsmannafundi og jafnframt hitti mannauðsstjóri hvern starfsmann sérstaklega til að fara nánar yfir útfærsluna og afhenda honum bréf þar sem föstum yfirvinnustundum var sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara. Fækkun yfirvinnutíma tók gildi 1. janúar 2010.

Launakjör starfsmanna sem heyra undir Kjararáð voru lækkuð í samræmi við ákvörðun Kjararáðs frá 23. febrúar 2009, þ.e. með fækkun eininga hjá þeim sem fengu einingar greiddar og með lækkun mánaðarlauna þeirra sem ekki fá greiddar einingar, t.d. sendiherra við störf á sendiskrifstofum erlendis.

3. Hvaða sérfræðipjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?

Verksali	Lýsing	Upphæð
Gunnar Sveinn Skarphéðinsson	Þýðingavinna	19.277
Niels Rask Vendelbjerg	Þýðingavinna	276.247
Tara Kathleen Flynn	Þýðingavinna	88.931
Birgit Nyborg	Þýðingavinna	19.355
Pétur Rasmussen	Þýðingavinna	97.147
Magnús Matthíasson	Þýðingavinna	134.918
Sigfríður Gunnlaugsdóttir	Þýðingavinna	58.100
Páll Heiðar Jónsson	Þýðingavinna	17.620
Katelin Marit Parsons	Þýðingavinna	97.747
Anne Cecilia Benassi	Þýðingavinna	66.000
Hulda Hlín Magnúsdóttir	Þýðingavinna	25.000
Jón Örn Thordarson	Þýðingavinna	14.877
Oddný Helgadóttir	Þýðingavinna	162.500
Erla Sigurðardóttir	Þýðingavinna	25.727
Allan Rettedal	Þýðingavinna	69.960
Ingvar Helgi Eggertsson	Þýðingavinna	227.974
Ólöf Kristín Pétursdóttir	Þýðingavinna	209.920
Arnaldur Hjartarson	Þýðingavinna	302.500
Þýðingastofa JC ehf.	Þýðingavinna	17.480
U7 ehf.	Þýðingavinna	395.135
JS þýðingar ehf.	Þýðingavinna	784.622
Hagfelld ehf.	Þýðingavinna	128.514
Túlka- og þýðingapjónustan ehf.	Þýðingavinna	3.500
Skjal ehf.	Þýðingavinna	18.252
Þýðingar og tölvusetning sf.	Þýðingavinna	9.000
Scriptorium ehf.	Þýðingavinna	38.500

Verksali	Lýsing	Upphæð
MálVÍS ehf.	Þýðingavinna	35.000
Soffía Gunnarsdóttir	Þýðingavinna	46.890
Þýðingar samtals		3.390.693
Landslög lögfræðiþjónusta ehf.	Lögfræðiþjónusta v/efnahagskreppu	168.096
Logos slf.	Lögfræðiþjónusta v/efnahagskreppu	568.800
HeadLand Consultancy Ltd.	Ráðgjafarþjónusta v/efnahagskreppu	11.220.570
Sovereign Strategy	Ráðgjafarþjónusta v/efnahagskreppu	1.117.760
Advokatfirmaet Schjöldt	Ráðgjafarþjónusta v/efnahagskreppu	17.693.468
Huijskens Communications	Ráðgjafarþjónusta v/efnahagskreppu	820.325
Samtals v/efnahagskreppu		31.589.019
GH1 hf.	Hlutdeild í sparnaðarátaki FJR	233.717
Ragnhildur Helgadóttir	Lögfræðileg aðstoð við svörun spurninga	34.000
Lilja Ólafsdóttir	Ráðgjafastörf v/friverslunarviðræðna við Kína	360.000
Mörkin Lögmannsstofa hf.	Lögfræðiþjónusta	42.375
ÞL og ET lögfræðiráðgjöf ehf.	Ráðgj. v/samningar frumvarps til breytinga á varnarmálalögum	75.000
Árnason Faktor ehf.	Vörumerkjavöktun	4.159.602
Mörkin Lögmannsstofa hf.	Lögfræðiþjónusta	164.250
20 Essex Street	Erlend lögfræðiþjónusta	291.730
Taylor Wessing	Erlend lögfræðiþjónusta	412.552
Bólusetningar og lækniþjónusta	Bólusetningar og lækniþjónusta samtals	566.825
Ari Trausti Guðmundsson	Leiðsögn	99.000
Ólafur Theodórs Ólafsson	Hönnun og gerð skjaldarmerkis	46.541
Valdimar Valdemarsson	Ráðgjöf í evrópumálum	200.000
Björg Thorarensen	Yfirlestur og svör v/ESB	271.296
Anna Kristín Ólafsdóttir	Verkefnisstjórn v/starfshóps um Íslandsstofu	1.004.530
Valur Ingimundarson	Ráðgjöf og skýrslugerð	673.081
Oddrún ehf.	Leiðsögn	30.000
Listasafn Íslands	Þjónusta v/listaverks	27.169
eCom ehf.	Yfirferð og leiðréttingar v/ESB	29.568
Brytinn ehf.	Afleysing í mötuneyti	32.000
Hnotskógur ehf.	Auglýsing í Export Directory	77.210
Nordic Business Development ehf.	Ráðgjöf og verkefnastjórnun vegna NBO	1.102.500
Háskóli Íslands	Ráðgjöf í evrópumálum	640.000
KOM ehf.	Ráðgjöf í almannatengslum	813.310
Congress Reykjavík-Ráðstefnuþj. ehf.	Ráðstefnuþjónusta	204.000
Hist ehf.	Hugmyndavinna, skissugerð, hönnun og frágangur til prentunar	139.787
BG-Ráðgjöf og þjónusta ehf.	Sérfræðiþjónusta	30.000
Þeir tveir ehf.	Hönnun og uppsetning a nýjum vef	154.860
Stefanía Khalifeh	Sérfræðiþjónusta í Mið-Austurlöndum	1.120.920
Dr. Henning Riecke	Vegna High North Academic Roundtable	112.249
Mary Scharck	Erlendur fyrirlesari	51.448
Annað samtals		13.199.520
Samtals		48.179.232

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfalli fyrir sig?*

Í öllum tilvikum er leitast við að leysa verkefni með starfsmönnum ráðuneytisins áður en leitað er til einkaaðila. Eðli aðkeyptrar þjónustu, sbr. ofangreindan lista, skýrir hví ekki var unnt að inna hana af hendi innan ríkiskerfisins.